

# Dirasol 916 stensilfilma frá Fujifilm Sericol.

Júní, 2008.

Við kynnum nýjan stensil sem framleiddur er af Sericol. Hann hefur góða viðloðun í neti, lýsingartími stuttur og hvatinn, sem gerir stensilinn ljósnæman er í vökvaformi, þannig að hann rýkur ekki; ertir ekki augu eða nef.

Þar sem við erum að kynna nýja vöru þykir okkur rétt að vekja athygli á helstu atriðum sem hafa verður í huga við gerð og notkun stensils.

Stensil skal ávallt meðhöndla í hlýju flúresent ljósi, ekki í dagsljósi eða bláleitri birtu.

Dirasol 916 stensillinn er afgangur af tveim einingum: a) hluti er stensillinn og b) hluti er hvati sem nú er í vökvaformi en hann gerir stensilinn ljósnæman. Þegar nýr stensill er lagaður skal blanda vatni upp að herðum í litlu flöskuna, hrísta hana vel og hella innihaldinu út í stensil fötuna. Hræra vel í með hreinum spaða og látið standa í a.m.k. 1 klst. fyrir notkun.

Lagaðan stensil má geyma við herbergishita, endist hann þá í ca.3 mánuði. Ef hann er geymdur í kæli lengist endingartími hans umtalsvert. Stensill má aldrei frjósa.

Áður en stensill er borinn í net er góð regla að affita vefinn. Netið er bleytt með vatni og affitunarefnið penslað í netið, strokið með hringlaga hreyfingu, látið vera í netinu í 1 mín. þá skolað úr með köldu vatni og netið látið þorna.

Best er að bera stensilinn í netið með stensiltrogi, sem sérstaklega er hannað til þessara nota. Berið tvær umferðir á hvora hlið netsins. Síðan þarf að þurrka stensilinn, það skal gera í dimmu eða gulu ljósi, ramminn er látinn liggja lárétt og snýr skvísuhliðin upp. Hlýr blástur ekki hærrí en 40°C styttir þurrktíma umtalsvert. Stensill í neti verður að vera gegn þurr fyrir lýsingu. Geyma má ólýstan stensil í neti, þá í dimmu og svala, geymist hann þannig í ca. 1 mánuð.

Nauðsynlegt er að vanda til lýsingar. Réttur lýsingartími tryggir góða endingu á stensli. Aðstæður eru mismunandi, er því gott að búa sér til töflu yfir lýsingartíma og fara reglulega yfir hana, því ljósgjafar og aðstæður breystast með tímanum.

Setjið filmuna á prenthlið netsins og festið hana með glæru límbandi. Leggið ramman á lýsingar borðið og tryggið að glerplata, filma og stensill liggi þétt saman..

Dæmi um lýsingartíma: Ljósgjafi er Metal Halide lampi 1000W. Lýsingartími 350-400 einingar miðað við fjarlægð 120 cm. Best er að búa sér til töflu yfir lýsingu miðað við aðstæður.

Eftir lýsingu er stensillinn framkallaður. Sprautið með veikri bunu af köldu eða volgu vatni á báðar hliðar rammans. Eftir mínútu má auka vatnsþrýsting ef þurfa þykir. Haldið framköllun áfram þar til myndin er komin fram hrein og skýr Þurrkið nú ramman, helst í þurrkskáp eða með volgum blæstri.

Notið fylliefni og lítinn pensil til að loka götum og fiskaugum í stensli. Með sama fylli má líka loka opnu svæði milli stensils og ramma. Gott er að loka bili milli nets og ramma með límbandi.

Þegar prentverki er lokið og búið að hreinsa allan prentlit úr ramma með viðeigandi þrifaefnum, er hægt að leysa upp stensilinn og búa til nýjan stensil í sama ramma.

Gamall stensill er leystur upp með Strip dufti, sem blandað er út í vatni. Lögunin er borin í með bursta eða pensli á báðar hliðar stensilsins. Látið liggja á í mínútu eða svo og hreinsið burt gamla stensilinn með háþrýstidælu. Blöndun þessa dufts er nokkuð frjál, eða 1 matskeið í 1 ltr. af köldu vatni. Sterkari blöndu 2 matsk. í 1 ltr. má nota á mjög gamlan og erfiðan stensil.

Nokkur önnur þrifaefni eru notuð, sérstaklega þegar um gamalt net er að ræða. Efni þessi hreinsa m.a. diazo bletti og skugga, sem oft eru kallaðir draugar.

Dirasol 916 stensillinn er fyrirleggjandi í 4.5 ltr. fötum og 0.9 ltr. dósum.